



Akranesi, 26. apríl 2022

Tillaga bæjarstjórnar Akraness til aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur (eigendafundur) sem haldinn verður þann 28. apríl 2022.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að leggja fyrir eigendafund hjá Orkuveitu Reykjavíkur, tillögu um að stjórn Orkuveitunnar leggi aukna áherslu á framleiðslu og sölu á raforku í starfsemi sinni. Fyrirsjáanlegur er mikill vöxtur í eftirspurn eftir grænni orku sem framleidd er með sjálfbærum hætti m.a. vegna markmiða um orkuskipti og jarðefnaeldsneytislauð Ísland árið 2040, með tilheyrandi tækifærum í aukningu á verðmætasköpun fyrirtækisins.

Orkuveitan, sem er eitt öflugasta orkufyrirtæki landsins, á að vera í fararbroddi þegar kemur að fullnýtingu sjálfbærra auðlinda sem fyrirtækinu er treyst fyrir og nýta þau tækifæri sem felast í því að þróa þekktar tæknilausnir til að lágmarka orkusóun og bæta orkunýtingu þeirra auðlindastrauma sem nú þegar eru virkjaðir.

Valgarður L. Jónsson

Einar Brandsson

Elsa Lára Arnardóttir

Bára Daðadóttir

Kristinn Hallur Sveinsson

Ragnar B. Sæmundsson

Ólafur Adolfsson

Þórður Guðjónsson

Ingbór Bergmann Þórhallsson